



Félag atvinnurekenda
b t, Ólafur Stephensen
Kringlunni 7
103 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 28. desember 2018
Tilv.: ANR18050072/12.05

Vísað er til erindis Félags atvinnurekenda dags. 7. maí 2018 með fyrirsögninni: „Mótvægisáðgerðir“ vegna tollasamnings Íslands og ESB. Í erindinu er vísað til fréttar er birtist á vef ráðuneytisins þann 2. maí 2018 þar sem fjallað var um skýrslu starfshóps um tollasamning og mótvægisáðgerðir stjórnvalda.

Í fyrri hluta erindisins er óskað svara um tilgreind atriði er varða umreikning tollkvóta í „ígildi kjöts með beini“. Hvað það varðar bendir ráðuneytið á að í eldri tollasamningi, sem nýi samningurinn við ríki Evrópusambandsins um inn- og útflutning landbúnaðarvara leysti af hólmi, var ávallt miðað við nettóvigti kjöts. Ekki voru gerðar athugasemdir við það af Íslands hálfu en bent á mikilvægi þess að samræmis væri gætt í útreikningi einstaka afurðategunda í kvóta og að ekki væri mismunað milli kjöttegunda. Framkvæmd ESB við innflutning á kindakjöti hafði hins vegar verið með þeim hætti að umreiknistuðli 1,67 var beitt þannig að bein voru reiknuð inn í vigtina og þar með gekk hraðar á kvótann. Ísland vakti á sínum tíma m.a. athygli á því að þessi framkvæmd varð til þess árið 2017 að útflutningsaðilar þurftu að taka til baka sendingar með tilkostnaði vegna þessarar framkvæmdar. Málið hafði því verið til skoðunar vegna þessa en nú nýlega fengust þær upplýsingar að þessari framkvæmd hefur verið breytt og er nú miðað við nettóvigti í öllum tilvikum. Þar af leiðandi gerir ráðuneyti ekki ráð fyrir því að svo stöddu að framkvæmdinni verði breytt frá því sem verið hefur hvað varðar ofangreint.

Hvað varðar síðari hluta erindis Félags atvinnurekenda um fjölgun útboða á tollkvóta þá er vísað til þess að reglugerð nr. 1045/2018 gildir um úthlutun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á tollkvótum samkvæmt samningi milli Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur, sem tók gildi 19. október 2017 en kom til framkvæmda 1. maí 2018, á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og með vísun til 5. mgr. 12. gr. tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara fjallaði um úthlutun á ESB tollkvótum vegna ársins 2019 en talsverð aukning er á magni tollkvótans vegna áðurnefnds tollasamningsins. Vegna umræddrar magnaukningar leitaði nefndin, dags. 13. nóvember 2018, eftir afstöðu innlendra framleiðenda, dreifingaraðila og ýmissa félagasamtaka varðandi það hvort rétt væri að úthluta kvótanum oftar yfir árið sbr. heimild 65. gr. búvörulaga nr. 99/1993.

Þær umsagnir sem nefndinni bárust gáfu vísbendingar um það að rétt væri að skoða það hvort úthluta ætti til dæmis tvisvar á ári. Í kjölfarið tók ráðherra ákvörðun, sbr. 65. gr. búvörulaga, um að úthluta


umræddum tollkvóta tvisvar yfir árið. Í auglýsingu á heimasíðu ráðuneytisins dags. 27. nóvember 2018 þar sem fyrrgreind framkvæmd er kynnt kemur fram að með þessu sé þess vænst að innflutningur dreifist með jafnari hætti og verði í betra samræmi við þarfir íslensks markaðar. Enn fremur muni þeir sem fá ekki úthlutað að þessu sinni eiga að nýju möguleika á úthlutun eftir sex mánuði, þegar samskonar úthlutun eigi sér stað.

Líkt og að ofan greinir tók ráðherra ákvörðun um að úthluta umræddum tollkvóta í tvennu lagi yfir árið 2019 í nóvember 2018. Til þessa er skýr heimild í lögum auk þess sem áður hafði verið úthlutað með þessum hætti. Leitað var umsagna fjölda aðila, m.a. neytendasamtakanna, Félags atvinnurekenda, Samtaka verslunar og þjónustu o.fl. en engar athugasemdir bárust frá fyrrgreindum aðilum. Þó bárust umsagnir frá hluta aðila sem leitað var til og gáfu þær umsagnir vísbendingar um það að rétt væri að skoða það hvort úthluta ætti til dæmis tvisvar á ári. Ráðuneytið lítur svo á að með hliðsjón af framangreindu hafi innflutningsaðilar ekki á grundvelli réttmætra væntinga geta vænst þess að um óbreytt ástand yrði að ræða, þ.e. að áfram yrði úthlutað einu sinni yfir allt árið.

Hvað upplýsingabeidni Félags atvinnurekenda varðar er vísað til þess að þegar umrædd frétt ráðuneytisins birtist þann 2. maí 2018 hafði engin ákvörðun verið tekin hvað varðar úthlutun ESB tollkvóta vegna ársins 2019 og því engar upplýsingar fyrir hendi vegna þess. Ákvörðun vegna úthlutunar á ESB tollkvótum vegna ársins 2019 var tekin í nóvember 2018 og er málsmeðferð þeirrar ákvörðunar lýst hér að ofan.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Ása Þórhildur Þórðardóttir


Elísabet Anna Jónsdóttir